

frelsi sínu. Afrýjandi hefur lagt fram sundurliðaða skaðabótakröfu, að upphæð 1563 kr., en að sumu leyti virðist krafa þessi of há, og að sumu leyti virðist hún byggð í lausu lopti, og verður hún því ekki tekin til greina. En með tilliti til allra atvika málsins og hags afrýjanda þykir mega ákveða skaðabæturnar 500 kr., er greiðist úr landsjóði; sömuleiðis þykir rjett að dæma honum sem endurgjald fyrir málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr. úr sama sjóði. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verða eigi eptir úrslitum málsins greidd nein málflutningslaun. Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Afrýjanda, stúdent Vilhelm Knudsen, skal greiða úr landsjóði 500 — fimm hundruð — krónur sem skaðabætur og 40 — fjörutíu — krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Mánudaginn hinn 18. júlímánaðar.

Nr. 27/1898:

Rjettvisin

gegn

Hannesi Einarssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, gengnum 3. desbr.m. 1897, var hinn ákærði, vinnu- maður Hannes Einarsson, dæmdur fyrir þjófnað á lambi samkvæmt 231. gr. alm. hegningarlaga í 8

mánaða betrunarhúsvinnu og til þess að greiða iðgjöld hins stolna, 3 kr., og málskostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til söðlasmiðs W. G. Melsteds á Sauðárkróki, 4 kr. Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða og fyrir hönd hins opinbera verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það löglega sannað, að hann síðla hausts 1896 kastaði eign sinni á lamb, sem ásamt annari kind var rekið nefnt haust að Framnesi, þar sem ákærði var vinnumaður, áleiðis fram í Hjaltadal, þannig, að hann tók lambið, sem var eign Árna bónda á Kálfsstöðum, úr fje húsbónda síns, kastaði eign sinni á það, og afmarkaði það undir mark nábúabóndans, og ætlaði hann sjer að láta syni þessa bónda fá lambið næsta vor upp í skuld, sem hann átti þeim að gjalda. Um veturinn drapst lambið, sem var á fóðri hjá húsbónda ákærða, og gróf ákærði það niður, en kannaðist seinna við meðferð sína á því við húsbónda sinn, er hann gekk á hann um, hvað hann hefði gjört við lambið, sem hann hafði boðið ákærða haustið áður að reka að Syðribrekkum. Þegar ákærði framdi þenna þjófnað, var hann á 19. ári, og hefur hjeradsdómurinn með rjettu heimfært brot ákærða, sem ekki hefur áður verið hegnt fyrir neitt afbrot — en uppvís hefur hann orðið að því, að hafa gjört sig sekan í smáhnuplí, áður en hann varð 15 ára að aldri — undir 231. gr. hegningarlaganna, og með því hegningin virðist hæfilega metin 8 mánaða betrunarhúsvinna og landsyfirdómurinn einnig fellst á ákvæði



hjeraðsdómsins um málskostnað og iðgjöld, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnaðinn, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærða Hannesi Einarssyni ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 25. júlímánaðar.

Nr. 26/1898:

Hið opinbera  
gegn

Hermanni Jónassyni.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu 27. okt. f. á. var hinn kærði Hermann Jónasson, bóndi á Þingeyrum, dæmdur fyrir ólöglega laxveiði í 40 kr. sekt, að hálfu til hlutaðeigandi sveitarsjóðs